

Tillaga:

Lagt er til að 19. júní sjóðurinn verði lagður niður og allt fé sjóðsins, sem nam í árslok 2019 kr. 24.895.251, renni til bæjarsjóðs. Samhliða því er tillaga um að kr. 4.000.000 verði úthlutað bæði á árinu 2020 og 2021 til að efla og styrkja íþróttir og líkams- og heilsurækt kvenna. Frá árinu 2022 verði svo kr. 2.000.000 úthlutað á ári til sama málefnið þar til fjármunum sjóðsins er að fullu úthlutað.

Greinargerð:

Í lok árs 2019 nam eigið fé 19. júní sjóðsins kr. 24.895.251. Þar af var bundið eigið fé sjóðsins kr. 24.337.488. Stjórn sjóðsins er einungis heimilt að veita styrki af frjálsu eigin fé sjóðsins sem var árið 2019 kr. 557.762.

Skv. framangreindu eru töluverðar upphæðir til í 19. júní sjóðnum en upphæðin er þó að mestu leyti bundin. Það hefur leitt til þess að undanfarin ár hefur ekki verið unnt að úthluta hærri styrkjum en á bilinu kr. 250.000 til 550.000.

Frá því að sjóðurinn var stofnaður fyrir 27 árum hafa íþróttir kvenna styrkst og eflst til muna og konur hreyfa sig í dag mun meira en áður fyrr. Mikilvægt er að halda áfram að styðja vel við þá þróun og hvetja konur til að hreyfa sig enda hreyfing ein af grunnstoðum góðrar heilsu.

Þrátt fyrir góðan árangur undanfarinna ára stöndum við í dag á ákveðnum tímamótum því COVID-19 og áhrif þess á samfélagið og íþróttastarfsemina í landinu er og verður gríðarlega mikil næstu mánuði og ár. Öllum áskorunum fylgja þó tækifæri og því er lag núna að bærinn sækir fram og styðji rausnarlega við verkefni sem eru samfélagslega mikilvæg og hvetja til hreyfingar og heilsuræktar kvenna hér í Garðabæ.

ÍTG mun eftir sem áður sjá um að gera tillögu að úthlutun. Nefndin myndi þá bæði geta óskað eftir umsóknum með hugmyndum að verkefnum eða komið á fót sértækum verkefnum t.d. með samstarfi við Jafnréttisstofu, ÍSí eða önnur sérsambönd íþróttahreyfingarinnar. Skilyrði fyrir úthlutun væri að verkefnið væri til þess fallið að styrkja og efla íþróttir og líkams- og heilsurækt kvenna, væri afmarkað og vel skilgreint en færi ekki inn í almennan rekstur einstakra deilda frjálsu félaganna. Heimilt er að flytja fjármagn milli ára náist ekki að úthluta því öllu á tilteknu ári.

F.h. íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar
Björg Fengler, formaður